

Evrópusáttmálinn um svæðisbundin tungumál eða tungumál minnihlutahópa

Sáttmálinn, sem byggður var á texta sem fastanefnd sveitarfélaga og svæðisstjórna í Evrópu lagði fram, var samþykktur þann 25. júní 1992 af ráðherranefnd Evrópuráðsins, og tilbúinn til undirritunar í Strassborg 5. nóvember 1992. Hann öðlaðist gildi 1. mars 1998.

1. Hvaða tilgangi þjónar sáttmálinn?

Sáttmálanum er ætlað að vernda og efla svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa sem eru menningararfleið Evrópu og hætta er á að deyja út. Megintilgangur hans er af menningarlegum toga. Hann tekur til svæðisbundinna tungumála og tungumála minnihlutahópa, óstaðbundinna tungumála og opinberra tungumála með litla útbreiðslu. Honum er ætlað að tryggja, eftir því sem mögulegt er, að tungumál minnihlutahópa og svæðisbundin tungumál séu notuð við kennslu og í fjölmiðlum, að auðvelda notkun og hvetja til notkunar þeirra í löggjöf og stjórnsýslu, í efnahagslífi og félagsmálum, á sviði menningar og í samskiptum yfir landamæri.

Sáttmálinn grundvallast á aðferðum sem hlíta meginreglunni um fullveldi ríkja og friðhelgi yfirráðasvæðis. Ekki er litið á tengsl opinberra tungumála annars vegar og svæðisbundinna tungumála og tungumála minnihlutahópa hins vegar í ljósi samkeppni eða óvildar. Þróun hinna síðarnefndu skal ekki koma í veg fyrir kunnáttu í hinum fyrrnefndu og eflingu þeirra.

Skilgreiningar

Eins og skilgreint er í sáttmálanum eru „svæðisbundin tungumál eða tungumál minnihlutahópa“ tungumál sem hefð er fyrir að ríkisborgarar tiltekins ríkis, sem mynda fámennari hóp en aðrir landsmenn samanlagt, noti á tilteknu landsvæði þess; þau eru ólík opinberu tungumáli eða tungumálum viðkomandi ríkis, og hugtakið nær hvorki yfir málýskur opinbera tungumálsins eða tungumálanna né tungumál innflytjenda.

Hugtakið „tungumál sem eru ekki bundin við ákveðið svæði“ merkir tungumál sem ríkisborgarar viðkomandi ríkis nota, og eru frábrugðin því tungumáli eða þeim tungumálum sem aðrir landsmenn nota, en sem ekki er unnt að tengja ákveðnu svæði innan ríkisins jafnvel þótt hefð sé fyrir notkun þess eða þeirra þar.

Átta meginreglur sem gilda um öll tungumál (II. hluti. 7. grein)

- Viðurkennaskalsvæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa sem birtingarmynd menningaraúðs.
- Virða ber afmarkað svæði hvers svæðisbundins tungumáls og tungumáls minnihlutahóps.
- Nauðsynlegt er að grípa til ákveðinna aðgerða til þess að efla slík tungumál.
- Auðvelda skal notkun og/eða hvetja til notkunar slíkra tungumála í ræðu og riti í opinberu lífi og einkalífi.
- Þjóða skal fram heppilegar aðferðir og aðstöðu til kennslu og náms í slíkum tungumálum á öllum viðeigandi stigum.
- Stuðla ber að viðeigandi samskiptum milli þjóða.
- Ryðja ber úr vegi hvers kyns óréttmætum greinarmun, útlökun, takmörkun eða ívilnun sem tengist notkun svæðisbundins tungumáls eða tungumáls minnihlutahóps og er ætlað að hindra eða koma í veg fyrir viðhald þess eða þróun.
- Stuðla skal að gagnkvæmum skilningi milli allra málhópa í hverju landi.

2. Hverjar eru skuldbindingar ríkja?

Sáttmálinn skiptist í tvo meginhluta, almennan hluta sem inniheldur reglur sem gilda um öll aðildarríki og öll svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa (II. hluti), og annan hluta sem kveður á um tiltekna skuldbindingar sem kunna að vera mismunandi eftir ríki og tungumáli (III. hluti).

Í II. hluta er kveðið á um meginreglur og markmið sem liggja til grundvallar stefnumörkun, löggjöf og framkvæmd ríkja, og þar er settur fram nauðsynlegur reglurammi til verndar viðkomandi tungumálum.

Í III. hluta er nánari útfærsla á þeim meginreglum sem kveðið er á um í II. hluta. Reglurnar tengjast menntun, yfirvöldum á sviði dómsmála, stjórnvöldum og opinberri þjónustu, fjölmiðlum, menningarstarfsemi og aðstöðu til að stunda hana, efnahagslífi og félagsmálum og samskiptum yfir landamæri. Aðildarríki taka að sér að hrinda í framkvæmd þeim ákvæðum III. hluta sem

þau hafa samþykkt. Í fyrsta lagi ber þeim að tilgreina þau tungumál sem þau samþykkja að þessi hluti gildi um. Síðan skulu þau velja að lágmarki þrjátíu og fimm skuldbindingar þar að lútandi. Mörg ákvæði samanstanda af nokkrum valkostum, misströngum, og velja verður einn þeirra „í samræmi við stöðu hvers tungumáls“. Aðildarríkin eru síðan hvött til að taka á sig fleiri skuldbindingar eftir því sem löggjöf þeirra þróast eða efnahagslegar aðstæður leyfa.

3. Hvernig er hægt að tryggja að staðið sé við skuldbindingar?

Með sáttmálanum er haldið uppi eftirlitskerfi sem gerir aðildarríkjunum, Evrópuráðinu og almenningi kleift að fara að honum og fylgjast með að honum sé framfylgt.

a. Landsskýrslur

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins skýrslu á þriggja ára fresti þar sem þau gera grein fyrir stefnu sinni og þeim ráðstöfunum sem þau hafa gert til þess að uppfylla skuldbindingar sínar. Þessar skýrslur eru birtar opinberlega og hægt er að nálgast þær hjá viðkomandi ríkjum og Evrópuráðinu.

b. Skýrsla óháðrar sérfræðinganefndar

Í sáttmálanum er kveðið á um að stofnuð skuli nefnd óháðra sérfræðinga, og í henni skuli sitja einn fulltrúi hvers samningsaðila og skipi ráðherranefndin hann úr hópi strangheiðarlegra og viðurkenndra sérfræðinga. Sérfræðinganefndin sér um að rannsaka skýrslur ríkjanna, sem og aðrar upplýsingar frá löglegum samtökum og stofnunum í viðkomandi ríkjum sem hagsmuna eiga að gæta vegna tungumála. Nefndin skrifar skýrslu, og leggur fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins, með tillögum um tilmæli til hlutaðeigandi ríkja.

c. Tilmæli ráðherranefndarinnar til ríkja

Þegar ráðherranefndin hefur fjallað um skýrslu sérfræðinganefndarinnar er henni heimilt að birta hana opinberlega. Henni er einnig heimilt að beina tilmælum til ríkja um að þau geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stefnumörkun þeirra, löggjöf og lagaframkvæmd samræmist skyldum þeirra samkvæmt sáttmálanum.

d. Eftirlit Evrópuráðsþingsins

Á tveggja ára fresti ber aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að gefa Evrópuráðsþinginu greinargóða skýrslu um framkvæmd sáttmálans. Þannig er tryggt að þingmenn þjóðþinga Evrópu fái upplýsingar um framkvæmdina, og þeim sé gert kleift að beita pólitískum þrýstingi, ef nauðsyn krefur, til að stjórnvöld geri viðeigandi ráðstafanir.

e. Hlutverk frjálsra félagasamtaka

Líta ber á frjáls félagasamtök sem ákjósanlega samstarfsaðila til að fylgja eftir því sameiginlega markmiði að stuðla að tungumálafjölbreytni. Þau gegna veigamiklu hlutverki, bæði fyrir og eftir fullgildingu sáttmálans. Fyrir fullgildingu hans geta þau aðstoðað ríki við að velja viðkomandi tungumál og þau ákvæði III. hlutans sem þau vilja að gildi á svæði þeirra. Eftirlit þeirra með að farið sé að skuldbindingunum felst í því að láta sérfræðinganefndina og stjórnvöld í viðkomandi landi vita um þau vandamál sem upp kunna að koma þegar sáttmálinn hefur verið innleiddur.

Nánari upplýsingar: Aðalskrifstofa Evrópuráðsins á sviði lögfræðilegra málefna, stýringsnefnd um staðbundni lýðræði (CDLR) www.coe.int/T/E/Legal_Affairs/Local_and_regional_Democracy/.